

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skrifstofa orkumála

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög Raforkueftirlitsins að leiðbeiningum um viðskipti á heildsöluorkumarkaði, 1. hluti, mál í samráðsgátt nr. S-136/2026

1. Inngangur

Meðfylgjandi er umsögn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, um drög Raforkueftirlitsins að leiðbeiningum um viðskipti á heildsöluorkumarkaði, 1. hluta, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 17. júlí sl. Umsögnin tekur til fyrsta hluta leiðbeininganna, þ.e. kafla 1–4 um gildissvið, innherjaupplýsingar, birtingu innherjaupplýsinga og bann við innherjasvikum. Samorka áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við leiðbeiningarnar í heild sinni þegar síðari hluta leiðbeininganna hefur verið kynntur til samráðs.

Samorka vísar jafnframt til umsagnar sinnar frá 4. september 2026 um drög að reglugerð um framkvæmd 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga nr. 65/2003 (mál nr. S-122/2026). Þau sjónarmið sem þar koma fram, einkum um gildistöku, lagastoð og meðalhóf eiga við um leiðbeiningarnar að breyttu breytanda og eru ekki endurtekin hér.

Samorka styður markmið laganna um heilindi og gagnsæi á íslenskum heildsöluorkumarkaði og fagnar því að Raforkueftirlitið hafi ráðist í gerð ítarlegra leiðbeininga um reglufylgni. Samorka telur leiðbeiningarnar í heild vandaðar og gagnlegar. Athugasemdir Samorku miða að því að leiðbeiningarnar verði skýrari, í samræmi við lög og reglugerðir, og að þær taki mið af raunverulegri stærð og gerð íslensks heildsöluorkumarkaðar sem einkennist af einangrun, fáum aðilum, stuttri markaðssögu og því að stærstur hluti raforku er seldur í tvíhliða langtímasamningum við stórnotendur.

2. Almennar athugasemdir

2.1 Samhengi við reglugerð og síðari hluta leiðbeininganna

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. j raforkulaga skal Raforkueftirlitið birta leiðbeiningar um reglufylgni við 20. gr. a – 20. gr. i. Leiðbeiningar af þessu tagi eru mikilvægt hjálpartæki fyrir markaðsaðila, en þær eru ekki réttarheimild og geta ekki bætt við skilyrðum, skyldum eða undanþágum umfram það sem leiðir af lögnum sjálfum og reglugerð settri á grundvelli þeirra. Þetta skiptir sérstöku máli þar sem brot gegn 20. gr. a – 20. gr. i geta varðað stjórnvaldssektum samkvæmt 26. gr. b, allt að 15% af veltu, og refsivíðurlögum samkvæmt 44. gr. laganna.

Leiðbeiningarnar vísa á nokkrum stöðum til draga að reglugerð um framkvæmd 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga. Alls bárust 19 umsagnir um reglugerðardrögin og gera má ráð fyrir að þau taki breytingum áður en reglugerðin verður sett. Leiðbeiningarnar geta því ekki orðið endanlegar fyrr en reglugerðin liggur fyrir. Þá kemur fram í drögnum að síðari hlutar leiðbeininganna verði kynntir síðar. Enn eru ókláraðar tilvísanir í drögnum, t.d. í [xx. tl.] 3. gr. raforkulaga, [xx. gr. reglugerðar] og undirkafla [x.x], auk þess sem boðaður er sérstakur viðauki um mat á stærð (29. nmgr.) sem ekki hefur verið kynntur.

Samorka fer þess á leit að Raforkueftirlitið efni til heildstæðs samráðs um leiðbeiningarnar þ.e. bæði fyrsta og síðari hluta ásamt viðaukum þegar reglugerðin hefur verið sett og áður en leiðbeiningarnar eru gefnar út í endanlegri mynd. Samorka ítrekar jafnframt þá afstöðu sína, sem fram kom í umsögn um reglugerðardrögin að gildistaka og aðlögunartími markaðsaðila eigi að miðast við að lög, reglugerð, leiðbeiningar og notendahandbók liggi fyrir í endanlegri mynd með hæfilegum fyrirvara fyrir gildistöku.

2.2 Meðalhóf, staða markaðsaðila og virkar skyldur

Skilgreining raforkulaga á markaðsaðila er víð og tekur til hvers þess sem á viðskipti með heildsöluorkuafurð. Í drögnum er þessi víða skilgreining útfærð með lista yfir aðila sem teljast markaðsaðilar (kafla 1.4.2), þ.m.t. öll vinnslufyrirtæki með virkjunarleyfi og allar dreifiveitur. Samkvæmt 4. gr. raforkulaga þarf virkjunarleyfi fyrir raforkuver með uppsett afl 100 kW eða meira ef orka frá því er afhent inn á dreifikerfi. Fjölmargar virkjanir á Íslandi eru mjög smáar, með fáa eða enga starfsmenn og selja alla framleiðslu sína samkvæmt föstum samningi. Slíkar virkjanir hafa aldrei marktæk áhrif á verð á heildsöluorkumarkaði.

Af drögum að leiðbeiningum má ætla að stundum sé verið að vísa til allra markaðsaðila fremur en eingöngu tiltekinna stærri markaðsaðila. Til dæmis í 78. – 79. mgr. þar sem segir að Raforkueftirlitið telji viðeigandi að markaðsaðilar hafi innri verkferla um mat á innherjaupplýsingum, verklag um meðferð þeirra með kortlagningu upplýsingaflæðis, kínamúrur og fræðslu og innherjaskrá eða sambærilegt kerfi og að skortur á slíkum verkferlum sé vísbending í heildstæðu sönnunarmati um innherjasvik (168. mgr.). Með þessu verða tilmælin í reynd að skyldu fyrir alla markaðsaðila, án tillits til stærðar og hlutverks, þótt reglugerðardrögin leggi skipulagsskyldur aðeins á viðskiptavettvanga og milligönguaðila (16. gr.) og með meðalhófsfyrirvara. Samorka leggur til:

- Að leiðbeiningarnar segi berum orðum að staða markaðsaðila ein og sér leggi engar virkar skyldur á aðila sem eru undir gagnaskilamörkum reglugerðarinnar og hafa ekki áhrif á verðmyndun og að mjög ólíklegt, ef ekki útilokað, sé að ákvæðin um innherjaupplýsingar virkist í starfsemi t.d. mjög smárra framleiðenda.
- Að skýrt komi fram að umfang innri verkferla taki mið af stærð, hlutverki og raunverulegri hættu á að innherjaupplýsingar verði til hjá viðkomandi aðila með dæmum um hvað teljist fullnægjandi hjá aðilum af ólíkri stærð.
- Að sett verði fram dæmi um dreifiveitur þar sem greint sé á milli þess sem viðeigandi er fyrir stóra dreifiveitu á suðvesturhorninu og litla dreifiveitu úti á landi.

2.3 Íslensk dæmi

Leiðbeiningarnar eru að verulegu leyti byggðar á leiðbeiningum ACER um beitingu REMIT frá 18. desember 2024, þ.m.t. flest dæmi og tilvísanir í dómaframkvæmd. Samorka telur það eðlilega nálgun og gagnlega fyrir markaðsaðila sem þurfa að geta borið íslenska framkvæmd saman við þá evrópsku.

Það sem mestu skiptir fyrir íslenska markaðsaðila eru hins vegar dæmi sem taka mið af íslenskum aðstæðum; stærð markaðarins, tvíhliða langtímasamningum, hlutverki stórnotenda, fáum og misstórum framleiðendum og dreifiveitum. Samorka kallar eftir fleiri íslenskum dæmum í leiðbeiningunum og gerir í umsögninni tillögur á þeim stöðum þar sem þeirra er mest þörf.

3. Athugasemdir við 1. kafla: skilgreiningar og gildissvið

3.1 Heildsöluorkumarkaður og heildsöluorkuafurð (7.–22. mgr.)

Listi yfir markaði í 10. mgr. og taflan í 22. mgr. eru þýðing á samsvarandi lista og töflu í leiðbeiningum ACER. Þar er m.a. fjallað um markaði með flutningsgetu, samninga um flutning og dreifingu „fyrir hvers kyns tímaramma“, afleiður sem varða flutning og dreifingu og staðbundinn sveigjanleika, án þess að tilgreint sé hvaða íslensku samningar falla undir hvern lið. Samorka telur að listinn yrði mun gagnlegri ef undir hverjum lið væru nefnd íslensk dæmi, t.d. langtímasamningar við stórnotendur, viðskipti á viðskiptavettvöngum, kaup flutningsfyrirtækisins á varaafli og flutningstöpum og kaup dreifiveitna á dreifitöpum.

Sérstaklega óskar Samorka eftir að skýrt verði hvort og hvaða samningar um dreifingu á raforku geti fallið undir þriðja lið í töflunni á bls. 8. Almennu dreifa dreifiveitur ekki raforku til stórnotenda á íslenskum markaði. Hér væri því ágætt tækifæri til að draga fram hvort og að hvaða leyti þessi tilvísun á við um íslenskar dreifiveitur og íslenskra aðstæður.

3.2 Stórnotendur og notkunargeta (20.–21. mgr.)

Samkvæmt 26. tl. 3. gr. raforkulaga er stórnotandi „notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári“. Skilgreiningin miðast við raunnotkun. Í 21. mgr. draganna er viðmiðið hins vegar túlkað sem tæknileg geta við fulla nýtingu allt árið og lagt saman yfir afhendingarstaði ef „ein efnahagsleg eining“ hefur „sameiginleg áhrif á verðmyndun“. Sú túlkun er sótt í hugtakið „consumption capacity“ í REMIT og leiðbeiningar ACER en það hugtak er ekki í íslensku lögunum. Samorka telur að túlkunin gangi lengra en lagatextinn heimilar.

Samorka bendir jafnframt á að hugtakið stórnotandi er notað víðar í raforkulögum og reglugerðum og samræmi þarf að vera í skilgreiningum. Í 22. tl. 2. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga er stórnotandi enn skilgreindur sem „notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira“, þ.e. samkvæmt lagaskilgreiningunni eins og hún var fyrir gildistöku laga nr. 19/2011. Sama hugtak ræður tekjumörkum og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins, kerfisframlagi og afmörkun flutningskerfisins sjálfs (7. tl. 3. gr. raforkulaga). Þriðja útgáfan af hugtakinu í leiðbeiningum með sjálfstæðu viðmiði um fulla nýtingu er til þess fallin að skapa réttaróvissu.

Einfaldast væri að Raforkueftirlitið birti lista yfir stórnotendur. Stórnotendastaða liggur skýrt fyrir miðað við lagatextann og þau gögn sem Raforkueftirlitið býr yfir. Með slíkum lista þarf hvorki mat markaðsaðila á „tæknilegri notkunargetu“ né tilkynningarskyldu til mótaðila samkvæmt lokamálsgrein 9. gr. reglugerðardraganna, sem Samorka lagði til í fyrri umsögn að félli brott.

3.3 Markaðsaðili (36.–41. mgr.)

Auk þess sem fram kemur í kafla 2.3 hér að framan óskar Samorka eftir að skýrt verði hvenær dreifiveita telst „stunda viðskipti með heildsöluorkuafurð“ í skilningi laganna, og þá sérstaklega hvort kaup dreifiveitu á raforku vegna dreifitapa sé það eina sem heyrir hér undir.

3.4 Viðskiptavettvangur og milligönguaðili (42.–53. mgr.)

Í 43.–46. mgr. er sett fram sú afstaða að afurð sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi þurfi að (i) fela í sér eignarréttindi, (ii) vera framseljanleg „án takmarkana“ og (iii) vera stöðluð. Þessi skilyrði eiga sér hvorki stoð í skilgreiningu 3. gr. raforkulaga á viðskiptavettvangi né í REMIT eða leiðbeiningum ACER, sem fjalla ekki um eiginleika afurða sem skilyrði þess að kerfi teljist skipulegur markaður. Skilgreining laganna lýtur að kerfinu sjálfu, þ.e. að það sé marghliða og leiði saman kaup- og söluáhuga margra þriðju aðila þannig að til samnings stofnist en ekki að eiginleikum afurðanna.

Í 51.–52. mgr. er jafnframt gert ráð fyrir að milligönguaðili teljist reka marghliða kerfi, og þar með viðskiptavettvang, fari hann yfir „fyrir fram ákveðin mörk“ um tíðni og umfang viðskipta. Óljóst er hver þessu mörk eru eða hver skilgreinir þau. Samorka leggur til að Raforkueftirlitið taki þessar greinar til nánari skoðunar.

3.5 Skörun við aðra löggjöf (54.–60. mgr.)

Skörun við samkeppnislög nr. 44/2005 er afgreidd í tveimur efnisgreinum (54.–55. mgr.) auk stakrar setningar í 137. mgr. Í leiðbeiningum ACER er sérstakur undirkafla (6.4.2, 324.–327. mgr.) um samspil REMIT og samkeppnisréttar, þar sem m.a. er fjallað um að reglurnar taki til ólíkra brota, að brot á öðru regluverkinu feli ekki sjálfkrafa í sér brot á hinu, að sama háttsemi geti fallið undir bæði og að eftirlitsstofnanir þurfi að samræma störf sín. Fyrir markað með jafn fáa aðila og þann íslenska skiptir þetta samspil verulegu máli. Þetta á til dæmis við um það hvar mörkin liggja milli lögbundinnar birtingar samkvæmt 20. gr. h og upplýsingagjafir sem gæti talist til samstilltra aðgerða keppinauta. Samorka óskar eftir sambærilegri eða ítarlegri umfjöllun í leiðbeiningunum.

4. Athugasemdir við 2. kafla: innherjaupplýsingar

4.1 Upplýsingar í skilningi 2. mgr. 20. gr. a (64.–73. mgr.)

Í 68. mgr. er vísað til þess að upplýsingar sem skylt sé að birta samkvæmt „almennum reglum um rekstur og stýringu raforkuflutnings og raforkudreifingar, sbr. 7. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 16. gr.“ raforkulaga teljist upplýsingar í skilningi 1. tl. 2. mgr. 20. gr. a.

Samorka óskar eftir að skýrt verði hvað upplýsinga er verið að vísa til með tilvísun í 4. mgr. 16. gr. raforkulaga. Á grundvelli þess ákvæði hafa til að mynda verið birtir Tæknilegir tengiskilmálar raforkudreifingar en ekki verður sé að þeir séu viðeigandi í þessu tilliti. Hér gæti til dæmis verið viðeigandi að sett yrði fram dæmi fyrir dreifiveitur um hvaða birtingarskyldur þeirra falla hér undir og hverjar ekki. Drögin nefna aðeins netmála flutningsfyrirtækisins í þessu sambandi.

Í dæmunum tveimur á bls. 20 (flutningsgeta kerfisstjóra og 50 MW árlegt viðhald) er í báðum tilvikum vísað til 3. tl. 2. mgr. 20. gr. a. Í samsvarandi dæmum í leiðbeiningum ACER er vísað til a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. REMIT, sem svara til 1. og 2. tl. íslenska ákvæðisins, og rökstuðningur fyrra dæmisins vísar sjálfur til þess að um upplýsingar sé að ræða „sem skylt er að birta“. Tilvísanirnar þarfnast leiðréttingar.

4.2 Ábyrgð markaðsaðila og innri verkferlar (77.–80., 112., 140. og 168. mgr.)

Vísað er til kafla 2.2 hér að framan. Samorka leggur áherslu á að tilmælin í 78.–79. mgr. verði sett fram með skýrum meðalhófsfyrirvara og dæmum og að teknu tilliti til samspils þeirra við sönnunarmatið í 168. mgr.

4.3 Upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar (94.–99. mgr.)

Í 97. mgr. segir: „Þegar þeim kröfum er réttilega framfylgt, þá teljast upplýsingarnar ekki opinberar.“ Orðið „ekki“ á að falla brott.

4.4 Marktæk áhrif á verð (104.–113. mgr.)

Samorka fagnar því sem fram kemur í 113. mgr. að Raforkueftirlitið grípi ekki til aðgerða ef ályktun markaðsaðila um verðáhrif var skynsamleg og málefnaleg miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma.

Í 29. nmgr. er boðað að Raforkueftirlitið setji sérstakan viðauka um nánara mat á stærð. Viðaukinn virðist eiga að svara því sem kallað hefur verið eftir skýrleika um, þ.e. hvenær atvik er nógu stórt til að hafa marktæk áhrif á verð. Birting viðaukans hefur hvorki verið kynnt né tímasett en Samorka fagnar því að leiðbeinandi viðmið liggi fyrir og kallar eftir því að einnig verði sýnt með dæmum hvenær atvik hefur ekki marktæk áhrif, t.d. atvik hjá smáum framleiðanda eða staðbundið rof í dreifikerfi. Samorka fer þess á leit við Raforkueftirlitið að viðaukinn verði kynntur til samráðs sem hluti leiðbeininganna, með leiðbeinandi viðmiðum um afl, orku, tímalengd og hvort atvik er staðbundið og að leiðbeiningarnar taki ekki gildi án hans.

Í dæminu á bls. 30, undir liðnum „Aðrar takmarkanir í kerfinu“, er talað um „snið“ og „viðkomandi svæði“. Ekkert liggur fyrir um að íslenskur raforkumarkaður skiptist í verðsvæði eða snið. Ef svo á að vera þarf sú ákvörðun að liggja fyrir á lagagrundvelli áður en hún er lögð til grundvallar í leiðbeiningum, sbr. einnig athugasemd RARIK við 14. gr. reglugerðardraganna.

4.5 Viðskiptaáætlanir og viðskiptastefnur (114.–118. mgr.)

Samorka tekur undir að eigin viðskiptaáætlanir og viðskiptastefnur markaðsaðila séu ekki innherjaupplýsingar. Mörkin milli innkaupaáætlunar stórnotanda annars vegar og upplýsinga um breytta getu eða nýtingu búnaðar til notkunar samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 20. gr. a hins vegar eru hins vegar ekki dregin í drögunum. Dæmið í 118. mgr. sýnir að tímabundin minnkun eftirspurnar stórnotanda getur verið innherjaupplýsingar hjá framleiðandanum en fjallar ekki um stöðu stórnotandans sjálfs. Samorka óskar eftir skýrum dæmum um hvenær og hvernig slíkir atburðir eru innherjaupplýsingar hjá stórnotandanum og hvenær hjá framleiðandanum og hver birtir þá hvað.

5. Athugasemdir við 3. kafla: birting innherjaupplýsinga

5.1 Hver birtir hvað (119.–122. mgr.)

Drögin fjalla ekki um atvik sem varða fleiri en einn markaðsaðila. Ef bilun í flutningskerfi stöðvar framleiðslu í virkjun eða notkun stórnotanda vaknar spurning um hver birtir, hvenær, og hvernig komið er í veg fyrir að sömu upplýsingar séu birtar mörgum sinnum eða að enginn telji sig bera ábyrgð. Samorka óskar eftir dæmum um hver birtir hvað og hvenær er viðeigandi að markaðsaðili láti annan

markaðsaðila vita til að tryggja skilvirka og tímanlega opinbera birtingu og að hvaða marki er gert ráð fyrir að markaðsaðilar tali sig saman um birtingu ef t.d. bilun snertir marga markaðsaðila (sjá 122. mgr.).

5.2 Birtingarleið og lágmarkskröfur (123.–138. mgr.)

Drögin gera ráð fyrir að miðlægur innherjaupplýsingavettvangur sé ekki skylda (124. og 126. mgr.), en að um birtingu gildi lágmarkskröfur 132. mgr., sem svara til krafna REMIT II til viðurkenndra vettvanga (IIP). Þetta er sama blanda REMIT I og REMIT II og Samorka gerði athugasemd við í umfjöllun um 4. og 6. gr. reglugerðardraganna.

Um tungumál segir í 132. mgr. að birta skuli á „íslensku og ensku, eftir því sem við á og í samræmi við reglugerðina“. Þetta orðalag er mýkra en f-liður 4. gr. reglugerðardraganna, sem krefst beggja tungumála skilyrðislaust.

5.3 Tímanleg birting (139.–140. mgr.)

Samorka telur jákvætt að ekki sé sett klukkustundarviðmið fyrir birtingu, eins og gert er í leiðbeiningum ACER (133. mgr.), heldur miðað við að birt sé eins fljótt og unnt er og sem næst rauntíma.

Samspil birtingar og virkra tilboða þarfnast umfjöllunar í 3. kafla. Ef tilboð liggur inni á viðskiptavettvangi þegar innherjaupplýsingar verða til geta viðskipti orðið á þeim mínútum sem líða þar til birtingu er lokið. Drögin svara þessu að hluta í 4. kafla með svokallaðri hands-off nálgun (165. mgr. og 37. nmgr.), þ.e. að eldri fyrirmæli teljist ekki innherjasvik en breyting eða afturköllun þeirra á grundvelli upplýsinganna geri það. Samorka telur rétt að þessi regla verði jafnframt útfærð í 3. kafla, í samhengi birtingarskyldunnar.

5.4 Frestun birtingar (141.–147. mgr.)

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. h raforkulaga er eitt skilyrði frestunar að markaðsaðili „taki ekki ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuafurðir á grundvelli þeirra“ upplýsinga sem frestun tekur til. Þetta er rétt eftir haft í 141. og 145. mgr. draganna. Í upptalningu skilyrðanna í 143. mgr. er þriðja skilyrðið hins vegar orðað þannig „að ekki séu teknar ákvarðanir um viðskipti með heildsöluorkuafurðir á meðan frestunin er“. Orðin „á grundvelli þeirra“ hafa fallið brott og skilyrðið orðið að almennu viðskiptabanni meðan frestun varir. Það gengur lengra en lögin, b-liður 2. mgr. 4. gr. REMIT og leiðbeiningar ACER, og þarfnast leiðréttingar.

Hvorki lög, REMIT né leiðbeiningar ACER setja hámark á tímalengd frestunar; hún varir meðan lögmætu hagsmunirnir standa og önnur skilyrði haldast (144. mgr.). Frestun gæti því staðið vikum eða mánuði saman. Samorka óskar eftir umfjöllun og dæmum um (i) hvaða viðskipti markaðsaðila má eiga meðan frestun varir og hvernig hann sýnir fram á að þau séu óháð upplýsingunum, og (ii) hvaða kröfur aukast eftir því sem frestun varir lengur.

Samorka ítrekar jafnframt þrjú atriði úr fyrri umsögn; að leiðbeiningarnar geymi dæmi um atvik sem geta réttlætt frestun, t.d. samningaviðræður við stórnotanda þar sem samþykki stjórnar liggur ekki fyrir eða öryggi innviða; að tímapunktur tilkynningar um frestun til Raforkueftirlitsins verði skýrður, enda er hann óljós í 7. gr. reglugerðardraganna; og að undanþága vegna mikilvægra innviða, að fyrirmynd 7. mgr. 4. gr. REMIT og § 5-3 norsku NEM-reglugerðarinnar, verði tekin upp í 20. gr. h raforkulaga.

6. Athugasemdir við 4. kafla: bann við innherjasvikum

6.1 Tjáningarfrelsi og dæmið um orkuskort (160.–162. mgr. og bls. 42)

Samorka fagnar því að hér sé gerð tilraun til að setja fram dæmi sem tekur mið af íslenskum aðstæðum, enda eru slík dæmi einmitt það sem samtökin kalla eftir. Samorka bendir þó á að sú háttsemi sem dæmið lýsir er eins og það er sett fram í leiðbeiningunum frekar dæmi um markaðsmisnotkun í skilningi 2. tl. 1. mgr. 20. gr. c. þ.e. miðlun upplýsinga til fjölmiðla sem gefur eða er líkleg til að gefa ranga eða villandi mynd af framboði. Dæmið er hins vegar sett fram í kafla um ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga samkvæmt 20. gr. b sem varla á við í þeim aðstæðum sem þarna er lýst.

Dæmið snertir opinbera umræðu framleiðenda um afhendingaröryggi og hlutverkaskiptingu framleiðenda, flutningsfyrirtækisins og Raforkueftirlitsins. Fyrir markaðsaðila skiptir mestu að vita hvenær tjáning í góðri trú um eigin afhendingargetu er lögmæt upplýsingagjöf og hvenær hún gefur villandi mynd af markaðnum. Samorka óskar eftir að dæminu fylgi leiðbeining um rétta framkvæmd, þ.e. hvað framleiðandinn í dæminu hefði átt að gera öðruvísi, t.d. að afmarka tilkynninguna við eigin stöðu, birta upplýsingarnar fyrst samkvæmt 20. gr. h eða vísa til mats kerfisstjóra og eftirlitsaðila, en ekki aðeins draga fram niðurstöðu um brot.

6.2 Dæmi B um front running (bls. 48)

Dæmi B er byggt á dæmi í leiðbeiningum ACER (kafla 5.2.1, bls. 60). Þar er markaðsaðili A sölufyrirtæki sem hefur gert nýjan samning um afhendingu til endanotanda og ver stöðu sína með kaupum á framvirkum samningi; það er viðskiptastefna í eiginlegum skilningi 114.–117. mgr. og niðurstaða ACER um að upplýsingarnar séu ekki innherjaupplýsingar hjá A er rétt í því samhengi. Í íslensku útgáfunni hefur markaðsaðila A verið breytt í stórnotanda sem ætlar að auka notkun sína um 100 MW vegna „verulegrar breytingar á starfsemi“, en niðurstaða ACER er flutt óbreytt með.

Að mati Samorku fær sú niðurstaða ekki staðist í íslensku samhengi. Fyrirhuguð 100 MW aukning á notkun stórnotanda eru upplýsingar um nýtingu búnaðar til notkunar í skilningi 2. tl. 2. mgr. 20. gr. a, sem á íslenskum markaði eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð, eins og dæmið gerir raunar sjálft ráð fyrir. Samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 20. gr. h ber markaðsaðila að birta upplýsingar sem skipta máli um afkastagetu og notkun búnaðar til neyslu. Stórnotandinn þyrfti því að birta upplýsingarnar áður en hann kaupir. Gagnsæisreglugerðin (ESB) nr. 543/2013 nær ekki yfir þetta tilvik, þar sem 7. gr. hennar tekur til ótíltækis notkunareininga sem eru 100 MW eða stærri en ekki til aukinnar notkunar. Samorka fer þess á leit að dæmið verði endurskoðað og að mörkin milli viðskiptastefnu og upplýsinga um notkun verði dregin með íslenskum stærðum og taki mið af íslenskum aðstæðum.

6.3 Ólögmæt miðlun og samningaviðræður (183.–192. mgr.)

Dæmi C um miðlun upplýsinga um viðhaldsstöðvun til stórnotanda í óformlegu samtali er gagnlegt. Það sem vantar er umfjöllun um upplýsingaskipti í tvíhliða samningaviðræðum og samskiptum framleiðanda og stórnotanda um framleiðslugetu, notkunaráætlanir, skerðingar og viðhald, sem eru kjarni íslenska markaðarins. Samorka óskar eftir dæmi um hvenær miðlun til mótaðila í slíkum viðræðum telst „í eðlilegu sambandi við starf“ og hvort samningsbundin upplýsingaskilyrði t.d. samkvæmt skerðingarákvæðum langtímasamninga falli undir undanþáguna í 191. mgr.

6.4 Vísbendingar um innherjasvik og persónulegt gildissvið (197.–210. mgr.)

Vísbendingarnar í kafla 4.3 (breytingar á magni, verði, viðskiptamynstri og afkomu) gera ráð fyrir markaði með sögu sem bera má saman við. Íslenskur heildsöluorkumarkaður er ungur og saga hans stutt, nýir aðilar eru að koma inn og allir aðilar að fóta sig. Breytt viðskiptamynstur er við þær aðstæður eðlileg þróun fremur en vísbending um brot. Samorka óskar eftir að í textann komi fyrirvari um fyrstu ár markaðarins og hvernig vísbendingarnar verði metnar meðan samanburðargrunn vantar.

Dæmið um miðlara X er sótt í leiðbeiningar ACER (kafla 5.4, bls. 69), þar sem miðlarinn heyrir samtal fyrir tilviljun. Hádegismaturinn og ályktunin um að það sé „ábyrgðarleysi gagnvart reglufylgni“ að rekstrar- og viðskiptastarfsfólk borði saman eru viðbót Raforkueftirlitsins. Slík skilaboð eru óhófleg fyrir flest ef ekki öll fyrirtæki á íslenskum markaði og á sér ekki fordæmi. Samorka leggur til að viðbótin falli brott.

6.5 Undanþágur (211.–224. mgr.)

Samorka bendir hér á tvö atriði er varða orðalag ákvæðisins. Í fyrsta lagi segir í 4. tl. lagaákvæðisins „vegna fyrirmæla frá flutningsfyrirtækinu“, en í REMIT „í samkomulagi við“ kerfisstjóra („in agreement with“), og 222. mgr. draganna fylgir orðalagi REMIT. Lög og leiðbeiningar stangast þar á, og þarf að skýra hvort einhliða fyrirmæli flutningsfyrirtækisins þurfi til eða hvort fyrir fram gert samkomulag nægi.

Þá bendir Samorka á að undanþágan í 2. tl. 3. mgr. 20. gr. b, um viðskipti til að uppfylla skuldbindingu sem stofnað var til áður en viðkomandi bjó yfir innherjaupplýsingum er ekki útfærð í kafla 4.5 þótt hún skipti íslenska markaðsaðila með langtímasamninga miklu.

7. Lokaorð

Samorka ítrekar stuðning sinn við markmið laganna og þakkar Raforkueftirlitinu fyrir vandaða vinnu við leiðbeiningarnar. Athugasemdir samtakanna miða að því að leiðbeiningarnar verði skýrar, í samræmi við lög og reglugerð og að þær nýtist markaðsaðilum af öllum stærðum og gerðum í framkvæmd. Samorka er reiðubúin til frekara samráðs um einstök atriði umsagnarinnar og að leggja fram tillögur að dæmum í samvinnu við aðildarfyrirtæki sín telji Raforkueftirlitið þörf á því.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur